# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar til 31. mars 2023

Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Eiginfjáryfirlit | 5 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 6 |
| Skýringar | 7 - 12 |
| Ársfjórðungsyfirlit | 13 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins sem nam 246 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 746 m.kr. á sama tímabili 2022. Hagnaður af áframhaldandi starfsemi nam 246 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 553 m.kr. á sama tímabili 2022. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars námu 6.298 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 6.093 m.kr. á sama tímabili árið 2022. Eignir félagsins í lok tímabils námu 33.971 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 18.785 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 55,3%.

Við sölu á Mílu ehf. til Ardian sem tilkynnt var um þann 30. september 2022 var hluti af söluandvirðinu greiddur með skuldabréfi. Skuldabréfið var á gjalddaga árið 2025 en Símanum var heimilt að selja bréfið fyrir gjalddaga. Gengið var frá sölu á skuldabréfinu til félags á vegum Ardian fyrir 15,7 ma.kr. í lok janúar.

Á aðalfundi Símans hf. þann 9. mars 2023 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins. Annars vegar með lækkun vegna eigin hluta sem nam 185 m.kr. að nafnverði og hins vegar með lækkun á hlutafé um 1.625 m.kr. með greiðslu til hluthafa sem nam 15,7 ma.kr. sem félagið greiddi 31. mars. Samtals lækkaði hlutafé því úr 4.400 m.kr. í 2.775 m.kr. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 277,5 m.kr. að nafnverði og tillaga um arð að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi í lok mars. Í samræmi við heimildir aðalfunda félagsins 2022 og 2023 hafa á árinu verið keypt eigin bréf að nafnverði 59 m.kr. fyrir 643 m.kr. að markaðsverði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. mars 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2023. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. apríl 2023

**Stjórn**

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Björk Viðarsdóttir

**Forstjóri**

Orri Hauksson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 31. mars 2023

| | Skýr. | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Sala | 5 | 6.153 | 5.957 |
| Kostnaðarverð sölu | 6 | ( 4.155) | ( 3.762) |
| **Framlegð** | | 1.998 | 2.195 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 145 | 136 |
| Rekstrarkostnaður | 7 | ( 1.825) | ( 1.757) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 318 | 574 |
| Fjármunatekjur | | 260 | 200 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 249) | ( 113) |
| Gengismunur | | ( 12) | 5 |
| Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 8 | ( 1) | 92 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 317 | 666 |
| Reiknaðir skattar | | ( 71) | ( 113) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi tímabilsins** | | 246 | 553 |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta | | 0 | 193 |
| **Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins** | | 246 | 746 |
| EBITDA | | 1.315 | 1.327 |

## Hagnaður á hlut

| | | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| Grunnhagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi | | 0,07 | 0,08 |
| Þynntur hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi | | 0,07 | 0,08 |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2023

| | Skýr. | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 2.524 | 2.466 |
| Leigueignir | | 892 | 941 |
| Óefnislegar eignir | | 21.871 | 22.122 |
| Aðrar eignir | 9 | 544 | 580 |
| Fastafjármunir | | 25.831 | 26.109 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 10 | 1.172 | 1.212 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 2.042 | 2.045 |
| Útlán | 12 | 1.652 | 1.359 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 1.442 | 1.048 |
| Verðbréf færð á gangvirði | 14 | 0 | 15.687 |
| Handbært fé | | 1.832 | 3.721 |
| Veltufjármunir | | 8.140 | 25.072 |
| **Eignir samtals** | | **33.971** | **51.181** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.754 | 4.242 |
| Yfirverðsreikningur | | 0 | 495 |
| Lögbundinn varasjóður | | 689 | 1.061 |
| Annað bundið eigið fé | | 573 | 576 |
| Óráðstafað eigið fé | | 14.769 | 28.887 |
| Eigið fé | | 18.785 | 35.261 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldabréfalán | | 5.960 | 5.956 |
| Leiguskuldbindingar | | 679 | 731 |
| Viðskiptaskuldir | | 0 | 639 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 15 | 154 | 89 |
| Langtímaskuldir | | 6.793 | 7.415 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímalán | | 1.929 | 1.929 |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 4.578 | 4.788 |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga | | 257 | 251 |
| Skattar til greiðslu | | 425 | 577 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 17 | 1.204 | 960 |
| Skammtímaskuldir | | 8.393 | 8.505 |
| Skuldir samtals | | 15.186 | 15.920 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **33.971** | **51.181** |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 31. mars 2023

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 7.314 | 3.278 | 154 | 2.020 | 18.313 | 31.079 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 746 | 746 |
| Keypt eigin bréf | ( 77) | ( 853) | | | | ( 930) |
| Fært á bundið eigið fé | | | | 206 | ( 206) | 0 |
| Eigið fé 31.3.2022 | 7.237 | 2.425 | 154 | 2.226 | 18.853 | 30.895 |
| | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2023 | 4.242 | 495 | 1.061 | 576 | 28.887 | 35.261 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 246 | 246 |
| Greiddur arður (0,119 á hlut) | | | | | ( 499) | ( 499) |
| Hlutafjárlækkun | ( 1.429) | | ( 357) | | ( 13.794) | ( 15.580) |
| Keypt eigin bréf | ( 59) | ( 495) | ( 15) | | ( 74) | ( 643) |
| Fært af bundnu eigin fé | | | | ( 3) | 3 | 0 |
| Eigið fé 31.3.2023 | 2.754 | 0 | 689 | 573 | 14.769 | 18.785 |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2023

| | Skýr. | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 318 | 574 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 997 | 753 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | ( 4) |
| | | 1.315 | 1.323 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, hækkun | | ( 2) | ( 306) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun | | ( 479) | ( 258) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun | | 336 | 877 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 145) | 313 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 1.170 | 1.636 |
| Innborgaðir vextir | | 268 | 88 |
| Greiddir vextir | | ( 150) | ( 113) |
| Greiddir skattar | | ( 158) | ( 139) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.130 | 1.472 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 268) | ( 106) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 1.348) | ( 153) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 0 | 4 |
| Útlán, breyting | | ( 266) | ( 119) |
| Sala á verðbréfi | | 15.685 | 0 |
| Söluverð félags | | 0 | 152 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 13.803 | ( 222) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | | ( 499) | 0 |
| Kaup eigin bréfa | | ( 643) | ( 930) |
| Útgreitt hlutafé | | ( 15.580) | 0 |
| Afborganir leiguskuldbindinga | | ( 63) | ( 46) |
| Skammtímalán, breyting | | 0 | ( 18) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 16.785) | ( 994) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 1.852) | 256 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | ( 37) | ( 6) |
| **Handbært fé í byrjun tímabilsins** | | 3.721 | 3.509 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 1.832 | 3.759 |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til mars 2023 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símans hf. eru Síminn Pay ehf. og Radíómiðun ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta og afþreyingar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### 2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www. siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 25. apríl 2023.

### 2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

### 2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### 2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022.

## 4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

| Starfsþáttur | Lýsing |
|---|---|
| Farsímaþjónusta: | Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta. |
| Talsímaþjónusta: | Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga. |
| Gagnaflutningur: | Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnet. |
| Sjónvarpsþjónusta: | Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins. |
| Vörusala búnaðar: | Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. |
| Annað: | Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum. |

| Starfsþættir 1.1.-31.3. 2023 | Farsíma-þjónusta | Talsíma-þjónusta | Gagna-flutningur | Sjónvarps-þjónusta | Vörusala búnaðar | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.513 | 279 | 1.966 | 1.838 | 472 | 230 | 6.298 |
| Óskipt rekstrargjöld | | | | | | | (4.983) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | | | | | | | 1.315 |
| Afskriftir | | | | | | | (997) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | (1) |
| Reiknaðir skattar | | | | | | | (71) |
| Hagnaður af áframhaldandi starfsemi | | | | | | | 246 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | | | | 246 |
| Fjárfestingar | | | | | | | (1.616) |
| Óskiptar eignir 31.3.2023 | | | | | | | 33.971 |
| Óskiptar skuldir 31.3.2023 | | | | | | | 15.186 |

| Starfsþættir 1.1.-31.3. 2022 | Farsíma-þjónusta | Talsíma-þjónusta | Gagna-flutningur | Sjónvarps-þjónusta | Vörusala búnaðar | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 1.413 | 378 | 1.858 | 1.673 | 449 | 322 | 6.093 |
| Óskipt rekstrargjöld | | | | | | | (4.766) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | | | | | | | 1.327 |
| Afskriftir | | | | | | | (753) |
| Hreinar fjármunatekjur | | | | | | | 92 |
| Reiknaðir skattar | | | | | | | (113) |
| Hagnaður af áframhaldandi starfsemi | | | | | | | 553 |
| Aflögð starfsemi | | | | | | | 193 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | | | | 746 |
| Fjárfestingar | | | | | | | (255) |
| Óskiptar eignir 31.3.2022 | | | | | | | 70.432 |
| Óskiptar skuldir 31.3.2022 | | | | | | | 39.537 |

# Skýringar

## 5. Sala

| Seld þjónusta og vörur greinast þannig: | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Sala á þjónustu | 5.634 | 5.392 |
| Vörusala | 519 | 565 |
| | 6.153 | 5.957 |

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 255 | 212 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 2.541 | 2.317 |
| Samtengigjöld | 165 | 168 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 475 | 536 |
| Eignfærð vinna | ( 56) | ( 48) |
| Afskriftir | 775 | 577 |
| | 4.155 | 3.762 |

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 927 | 860 |
| Markaðs- og sölukostnaður | 119 | 130 |
| Húsnæðis- og bifreiðakostnaður | 95 | 133 |
| Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður | 267 | 273 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 195 | 186 |
| Afskriftir | 222 | 175 |
| | 1.825 | 1.757 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur** | | |
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum | 258 | 85 |
| Söluhagnaður af eignarhlutum | 0 | 113 |
| Fenginn arður | 2 | 2 |
| | 260 | 200 |
| **Fjármagnsgjöld** | | |
| Vaxtagjöld | ( 168) | ( 71) |
| Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga | ( 13) | ( 10) |
| Niðurfærsla útlána | ( 25) | ( 15) |
| Önnur fjármagnsgjöld | ( 43) | ( 17) |
| | ( 249) | ( 113) |
| | | |
| Gengismunur | ( 12) | 5 |
| Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 1) | 92 |

## 9. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Fjárfesting í öðrum félögum | 8 | 38 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 247 | 204 |
| Útlán til meira en 12 mánaða | 289 | 338 |
| Aðrar eignir samtals | 544 | 580 |

## 10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir | 712 | 601 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 460 | 611 |
| Birgðir samtals | 1.172 | 1.212 |

## 11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 2.116 | 2.129 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 74) | ( 84) |
| Viðskiptakröfur samtals | 2.042 | 2.045 |

## 12. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-18 mánuðir.

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Útlán | 2.053 | 1.795 |
| Niðurfærsla útlána | ( 112) | ( 98) |
| Fært á langtímakröfur | ( 289) | ( 338) |
| Útlán samtals | 1.652 | 1.359 |

## 13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.200 | 705 |
| Aðrar skammtímakröfur | 242 | 343 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 1.442 | 1.048 |

## 14. Verðbréf færð á gangvirði

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 15.687 | 0 |
| Keypt | 0 | 17.500 |
| Matsbreyting við viðtöku | 0 | ( 1.431) |
| Matsbreyting í árslok 2022 | 0 | ( 382) |
| Söluverð verðbréfs | ( 15.685) | 0 |
| Sölutap | ( 2) | 0 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur | 0 | 15.687 |

Verðbréf er óskráð skuldabréf á Sunstone II hf. og var selt í janúar 2023.

## 15. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 89 | 604 |
| Tekjuskattur af aflagðri starfsemi | 0 | ( 286) |
| Tekjuskattur tímabilsins | 67 | 345 |
| Skattar til greiðslu á næsta ári | ( 2) | ( 562) |
| Leiðrétting frá fyrra ári | 0 | ( 12) |
| Tekjuskattsskuldbinding samtals | 154 | 89 |

## 16. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 3.287 | 3.281 |
| Áfallinn kostnaður | 1.291 | 1.507 |
| Viðskiptaskuldir samtals | 4.578 | 4.788 |

Viðskiptaskuldir sem koma til greiðslu eftir 12 mánuði eða meira falla undir viðskiptaskuldir meðal langtímaskulda.

## 17. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.3.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Áfallinn kostnaður | 640 | 508 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 184 | 242 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 380 | 210 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.204 | 960 |

## 18. Málarekstur

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Staða eftirfarandi mála er óbreytt frá útgáfu ársreiknings 2022.

Síminn og Sýn hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 m.kr. sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur að háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu og ógilti ákvörðun PFS að hluta og lækkaði sektina niður í 7 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Landsréttar sem staðfesti niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar og hækkaði sektina aftur í 9 m.kr. Síminn hefur óskað eftir leyfi til að áfrýja málinu til Hæstaréttar sem rétturinn samþykkti 10. október 2022. Í kjölfarið á ákvörðun PFS sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Sýnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Sýnar. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Sýn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og stefndi Símanum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 125 m.kr. Síminn hafnaði málatilbúnaði Sýnar og skilaði greinargerð vegna málsins. Sýn stefndi Símanum einnig til greiðslu fjárhæðar 270 m.kr. og mun Síminn skila greinargerð þar sem málatilbúnaði Sýnar verður hafnað.

Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur (nú Ljósleiðarinn) sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Ljósleiðarans að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða.

PFS og Sýn hafa ennfremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um að úrskurður úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála nr. 7/2019 verði felldur úr gildi, en úrskurður nefndarinnar fól í sér ógildingu á ákvörðun PFS nr. 27/2019 þar sem stofnunin lagði sekt að fjárhæð 9 m.kr. á Símann. Síminn mun gera kröfu um að úrskurður nefndarinnar standi óhaggaður.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum enda mat félagsins að þau séu tilhæfulaus.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2020 að Síminn hefði brotið gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015 og lagði á sekt að fjárhæð 500 m.kr. sem Síminn greiddi. Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skilaði úrskurði í byrjun árs 2021 þar sem nefndin felldi úr gildi þann hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem laut að meintu broti gegn 6/2015 og lækkaði sektina niður í 200 m.kr. Síminn og Samkeppniseftirlitið höfðuðu mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur frá 11. október 2022 var að fella ákvörðun Samkeppniseftirlitsins úr gildi og gerði Samkeppniseftirlitinu að endurgreiða Símanum 200 m.kr. auk dráttarvaxta. Samkeppniseftirlitið hefur áfrýjað dóminum til Landsréttar. Félagið er sem fyrr þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög og þær ákvarðanir sem félagið hefur gengist undir á grundvelli samkeppnislaga, líkt og staðfest var með dómi héraðsdóms.

## 19. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

# Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

| | 1 F 2022 | 2 F 2022 | 3 F 2022 | 4 F 2022 | 1 F 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 5.957 | 5.898 | 6.016 | 6.068 | 6.153 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.762) | ( 3.597) | ( 3.681) | ( 3.874) | ( 4.155) |
| **Framlegð** | 2.195 | 2.301 | 2.335 | 2.194 | 1.998 |
| Aðrar rekstrartekjur | 136 | 138 | 194 | 165 | 145 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.757) | ( 1.757) | ( 1.543) | ( 1.656) | ( 1.825) |
| **Rekstrarhagnaður** | 574 | 682 | 986 | 703 | 318 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 92 | ( 165) | ( 84) | ( 389) | ( 1) |
| Aflögð starfsemi | 193 | 95 | 35.628 | 289 | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 859 | 612 | 36.530 | 603 | 317 |
| Reiknaðir skattar | ( 113) | ( 107) | ( 184) | 67 | ( 71) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 746 | 505 | 36.346 | 670 | 246 |
| | | | | | |
| EBITDA | 1.327 | 1.399 | 1.790 | 1.633 | 1.315 |